

Endurskoðun aðalskipulags Flóða 2025-2037

Samantekt frá íbúafundum 13. október 2025.



1 Efnisyfirlit

Samantekt	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
1. Inngangur	3
2. Vegir	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
3. Gönguleiðir og tengingar við önnur svæði	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
4. Umhverfi og útivist	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
5. Opinber þjónusta.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
6. Almenn þjónusta	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
7. SVÓT	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
8. Lokaorð	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.

1. Inngangur

Á íbúafundi sem haldinn var í Flóaskóla 13. október 2025.

Íbúafundur hófust með kynningu en að henni lokinni var gestum skipt niður í fjögur umræðuborð með 5-7 manna hópum þar sem hver hópur fjallaði um ákveðinn málaflokk. Á öllum borðum var uppdráttur af Flóahreppi ásamt loftmyndum af Þingborg og nágrenni þar sem fólk gat áttað sig betur á staðháttum.. Einn umræðustjóri var við hvert borð og hægt var að setja niður hugmyndir um hvern málaflokk en málaflokkarnir voru eftirtaldir:

- a. Byggð.
- b. Atvinnumál.
- c. Umhverfismál.
- d. Innviðir

Settar voru fram leiðbeinandi spurningar fyrir alla hópanaen þær voru;

- Byggð
 - Hvaða svæði í sveitarfélaginu þykja ykkur eðlileg til uppbyggingar þéttbýlis — og hvers vegna þar?
 - Ætti Flóahreppur að skilgreina ákveðið þéttbýlissvæði, t.d. í samstarfi við Árborg? Hvernig sjáið þið þá þróun fyrir ykkur?
 - Hvernig ætti að endurskilgreina „yfirbragð byggðar“ þannig að það endurspegli fjölbreytileika sveitarfélagsins (ekki eingöngu dreifbýli) ?
 - Hvaða búsetuform vantar (t.d. íbúðir fyrir ungt fólk, eldri borgara, starfsmenn fyrirtækja, o.s.frv.)?
 - Hvernig eigum við að nálgast sólarlagsákvæði — þ.e. hvað á að gera við íbúðar- og frístundasvæði sem ekki hafa verið nýtt?
 - Hvernig má tryggja að uppbygging nýrra svæða stuðli að fallegu og vistvænu umhverfi?
- Atvinnumál
 - Hvernig getum við skapað tækifæri fyrir fjölbreyttari atvinnu í sveitarfélaginu án þess að ganga á gæði lands og lífsgæði íbúa?
 - Hvaða tegundir atvinnu falla vel að ímynd og styrkleikum Flóahrepps?
 - Hvernig má styðja við hefðbundinn landbúnað á sama tíma og ný tækifæri í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og nýsköpun eru nýtt?
 - Hvernig eiga reglur um ferðaþjónustu á landbúnaðarlandi að líta út — á að miða við fjölda gesta, rými eða annað?

- Hvaða svæði henta best fyrir atvinnuuppbyggingu (t.d. við Þjóðveg 1 eða nálægt Árborg)?
- Hvernig má nýta samstarf við önnur sveitarfélög, t.d. sameiginlega atvinnustefnu neðri hluta Árnessýslu, til að laða að fyrirtæki og stofnanir?
- Umhverfismál
 - Hvaða svæði eða landslag teljið þið mikilvægt að vernda betur (t.d. vegna náttúruferðar, jarðfræði eða menningarminja)?
 - Hvernig eigum við að taka á náttúruvá (flóð, jarðskjálftar) í skipulagi? Hvaða svæði eru viðkvæmust?
 - Hvaða tækifæri eru til að bæta landnýtingu, t.d. með skógrækt og endurheimt votlendis (er einhver önnur tækifæri) ?
 - Hvernig eigum við að standa að vatnsvernd, t.d. í Hjálmskálshlí/Merkurhrauni og víðar?
 - Ættum við að endurskoða svæði undir hverfisvernd – stækka, minnka eða breyta áherslum?
- Innviðir
 - Hvaða samgöngubætur eru brýnastar í sveitarfélaginu (t.d. Þjóðvegur 1, tengingar við Árborg, reiðleiðir, hjólastígar)?
 - Hvernig getur Flóahreppur unnið með Vegagerðinni til að tryggja öruggar og skilvirkar lausnir til framtíðar?
 - Eru fjarskipti og nettenging nægilega góð alls staðar? Hvað þarf að bæta til að styðja við búsetu og atvinnu?
 - Hvaða þjónustu (t.d. leikskólar, samkomuhús, íþróttastaða) ætti að efla eða dreifa betur milli svæða?
 - Hvernig getum við tryggt örugga og sjálfbæra orku- og vatnsveitu til framtíðar?
 - Hvernig má samræma innviði og uppbyggingu við skipulag Árborgar og annarra nágrannasveitarfélaga?

Umræður voru líflegar og stóðu yfir í 60-90 mín. Í næstu köflum er samantekt á þeim upplýsingum og hugmyndum sem komu fram á fundinum.



2. Byggð

Hér er listi yfir þau atriði sem rædd voru á íbúafundunum um byggð í sveitarfélaginu meðal annars var rædd íbúðarsvæði og búgarðabyggð á nokkrum stöðum við Hringveginn sem og víðar í sveitarfélaginu og nokkur svæði merkt á uppdrátt. Aðrir punktar sem komu fram voru:

- Setja skilmála um útlit og heilbrigðismál t.d. er varða sjónmengun og ruslasöfnun.
- Skemmdir vegna foks á eyðibýlum.
- Rætt um náttúrhamfarir, sjór, árflóð, jarðskjálftar og sprungur.
- Fjölbreytileiki byggðar.
- Rætt um grunnþjónustu og vegalengdir tengt henni, mögulega of langt á milli.
- Landbúnaðarsvæði við sveitarfélagamörk við Árborg verði mögulega að verslun og þjónustu eða iðnaður.
- Athuga þarf búsetuform fyrir aldraða, Þingborgarsvæðið rætt í því tilliti.
- Sólarlagsákvæði, gæta þarf að sanngirni.
- Fegurðarmat.
- Halda í dreifbýlisásýnd.

3 Atvinnumál

Atvinnumál voru rædd þar sem mikil áhersla var lögð á léttan iðnað og verslun og þjónustu.

- Efla iðnað.
- Styðja við einstaklingsframtakið.
- Forðast stóriðju t.d. vindmyllur.
- Leggja áherslu á smáiðnað.
- Léttur iðnaður og þjónusta ætti að vera í fyrirrúmi.
- Verslun og þjónusta við Þingborg.
- Þjónusta við landbúnað.
- Sláturhús, heimaslátrun og verslun.
- Beint frá býli.
- Lyktarmengun frá Kjötmjölinu.
- Svæðið er kalt sem er takmarkandi þáttur og hefur áhrif á raforkuverð.
- Vantar pláss fyrir rútur.
- Skógrækt í sátt við náttúruna.
- Hlúa þarf að landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu.
- Ákveða sjálf að halda búskap.

- Stuðla að matvælaframleiðslu.

4 Umhverfismál

Helstu þættir sem ræddir voru um umhverfismál:

- Minjar voru mikið ræddar. Möguleiki að byggja þar sem bæjir voru áður sem eru oft besta byggingarlandið með tilliti til flóða og annara ógna.
- Flóðahætta- Mikið rætt um flóð enda Flóinn mikið til á flóðasvæði Hvítár. Rætt um að mögulega þurfi að gera ráð fyrir ræsum á Þjóðvegi 1 í stað þess að veita vatninu vestur eftir Þjóðveginum aftur í Ölfusá.
- Rætt var að merkja betur áhugaverða staði, Timburhóla, áhugaverða hella og fleira. Nýta Einbúa betur.
- Hafa reiðleiðir merktar á aðalskipulagi og ekki bara meðfram vegum heldur líka meðfram ám og að öðrum áhugaverðum stöðum.
- Virkjun í Urriðafossi rædd en það mál vissulega mjög flókið og sveitarfélagið bundið Ramma og fleiri hlutum.
- Verndarsvæði Flóaáveitu rædd og rætt um það hvaða skurðir eigi að vera áveituskurðir og hvaða skurðir eigi að vera leiðiskurðir svo vatnið komist sína leið til sjávar.

5 Innviðir

Samgöngur virtust vera ofarlega í huga margra og ræddar voru samgönguúrbætur.

- Nágrenni Selfoss. Verslun og þjónusta aðallega á svæðinu.
- Góðir vegir skipta öllu varðandi þjónustu.
- Kvartað yfir flutningsgetu ljósleiðara.
- Símasamband sumstaðar lélegt og þarf að laga.
- Fráreinar á Þjóðvegi 1 á fjölförnum gatnamótum.
- Vegur 33 og 305 verði aðalvegir/stofnvegir
- Tengivegir verði klæddir.
- Heimreiðar settar á vegaskrá.
- Klára klæðningar á meginleiðum.
- Klára tengivegi, Urriðafoss, Skálholt o.fl.
- Klæddir vegir taka betur við hjólandi umferð.
- Önundarholtsvegur og Urriðafossvegur mikilvægar hjáleir fyrir Þjóðveg 1.
- Þjóðvegur 1. Ræða þarf með landeigendum veglínu og mögulegar breytingar á henni.
- Bera saman öryggi veglína, funda með Vegagerðinni og landeigendum.
- Vatnsveita og ljósleiðari verði betur merkt á kortagrunni.
- Reiðvegir þurfa að vera vel skilgreindir og forðast að þeir krossi aðra vegi.
- Allir malarvegir í óviðunandi ástandi.
- Koma á reiðleiðum með öllum megin vegum sveitarfélagsins. Þarf að taka samtal við Reiðveganefnd Sleipnis.

6 Heildarniðurstaða

Íbúar Flóahrepps leggja ríka áherslu á vandaða og hóflega þróun sveitarfélagsins, þar sem jafnvægi er milli uppbyggingar, verndar lands og lífsgæða. Skýr vilji kom fram um að styrkja innviði, styðja við fjölbreytt atvinnulíf og halda í sérkenni dreifbýlisins. Niðurstöður fundarins veita mikilvægan grunn fyrir áframhaldandi mótun stefnu aðalskipulags Flóahrepps 2025–2037.

7 Lokaorð

Íbúafundur vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps sýndi skýran áhuga íbúa á framtíð sveitarfélagsins og mikilvægi þess að þróun byggðar, atvinnulífs, umhverfis og innviða fari fram á heildstæðan og yfirvegaðan hátt. Umræður voru málefnalegar og endurspegluðu bæði sterka tengingu við landið og skýra sýn á þær áskoranir og tækifæri sem fram undan eru.

Fram komu skýr skilaboð um að halda þurfi í dreifbýlisásýnd og gæði umhverfisins, um leið og skapað er svigrúm fyrir hóflega uppbyggingu, fjölbreytt búsetuform og atvinnuþróun sem styður við landbúnað og nýsköpun. Jafnframt var lögð rík áhersla á bætta samgönguinnviði, fjarskipti og þjónustu sem grundvöll búsetu og lífsgæða.

Niðurstöður íbúafundarins verða nýttar sem mikilvægur grunnur við áframhaldandi vinnu við endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2025–2037 og við mótun stefnu sem tekur mið af sjónarmiðum íbúa, faglegum forsendum og lögbundnum markmiðum um sjálfbæra þróun.